

Börkur Sigurbjörnsson

Dögun

örsaga



Urban Volcano

Dögun


Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2023
<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Útgefandi: Urban Volcano

<https://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölríttun, meitlun í stein eða upplestri í gegnum Zoom úr baðkari á jónsmessunótt, svo fremi sem vísað er í höfund, efniinu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



Dögun

Sólin kemur upp handan fjallsins og geislar hennar glitra á stöðuvatninu í botni dalsins. Fuglarnir vakna og hefja söngflögra frá einni grein til þeirrar næstu og gæða sér á safaríkum berjum í morgunmat. Mýsnar hlaupa eftir tréhandriðinu og feykja flyksum af uppþornaðri málningu í allar áttir þegar fætur þeirra mæta snjáðu og rotnandi timbrinu. Refirnir geispa er þeir læðast rólega út úr skógarjaðrinum og inn á túnin til að hlýja sér í morgunsólinni. Jaðrakan rótar í moldinni uns hann rekst á eitthvað hart. Hann notar gogginn til þess að draga hlut-

inn upp á yfirborðið. Mannabein. Hugsanlega hluti af fingri. Það morar allt í rotnandi leifum þessarar útdauðu skepnu.

Enginn veit með vissu hvernig útrýminguna bar að. Kenningar eru þó á hverju strái. Sumir hallast að einhvers konar sjálfsútrýmingu eða sjálfsöfnæmi. Aðrir benda á náttúruhamfarir, eldgos, loftstein eða jafnvel verur frá öðrum hnöttum. Engin veit en allir þykjast vita.

Jaðrakaninn sleppir beininu og kveikir á einbeitingunni. Hann hugsar beinafundinn samviskusamlega inn í alheimssjálf-
ið áður en hann blakar vængjunum og hefur sig til flugs.

Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er menntaður tölvunarfræðingur og hefur hugbúnaðarþróun sem aðal viðurværi en sinnir skáldskap í hjáverkum. Börkur er fæddur og uppalinn í Reykjavík en hefur á undanförunum tveimur áratugum búið víðs vegar um heiminn, með langtímadvöl í Amsterdam, Barselóna, Bursheid, Düsseldorf, Lundúnum, Montevideo og Reykjavík. Börkur birtir reglulega örsögur, smásögur og ljóð á vefsíðunni Urban Volcano.

Bækur höfundarins

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson (heimasíða)

Urban Volcano